

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. september 2010
Tilvisun: UST20100800075/káb

Efni: Tilkynning um framkvæmd á skálasvæði við Hvanngil að Fjallabaki syðra

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. júlí þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skálasvæðið við Hvanngil að Fjallabaki syðra er innan svæðis miðhálendisins, og innan og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana, nr. 105/2006.

Almennt um framkvæmd

Ferðafélag Íslands hefur átt frumkvæði að gerð deiliskipulags þjónustusvæðisins við Hvanngil í samráði við Rangárþing ytra. Megin tilgangur deiliskipulagsins er að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu í sátt og samlyndi við náttúruna og koma þannig til við móts við töluverða aukningu á ferðamannastraum á svæðið. Engar stórfelldar breytingar verða á starfsemi svæðisins frá því sem nú er.

Framkvæmin er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi skálasvæðisins við Hvanngil sem sveitastjórн Rangárþings ytra hefur samþykkt. Í svæðisskipulagi fyrir miðhálendið er gert ráð fyrir skálasvæði við Hvanngil.

Náttúrufar og náttúruminjar

Skipulagssvæðið er um 3 km suður af Álftavatni og er við Fjallabaksleið syðri. Væntanlegt skálastæði er í jaðri mikillar hraunbreiðu, Hvanngilshrauni sem er talið ættað úr eldstöð undir Mýrdalsjökli. Svæðið er í skjóli fjalla á þrjá vegu og er grasi gróið. Deiliskipulagssvæðið er innan *Emstra og Fjallabaks* sem er svæði nr. 761 á náttúruminjaskrá. Svæðið hefur að geyma stórbrotið og fjölbreytt landslag og er vinsælt útvistarsvæði.

Mannvirkjagerð

Heildarbyggingarmagn svæðisins er í dag 172 m^2 , en getur orðið allt að 430 m^2 samkvæmt tillögu að deiliskipulagi. Deiliskipulagið nær til um tæplega 2 ha svæðis í kringum skála og tjaldstæði við Hvanngil sem er í 560 m h.y.s. á svæðinu er gert ráð fyrir 5 byggingarreitum fyrir skála hesthús og salerni og gert er ráð fyrir að byggt verð nýtt salernishús við hesthús og

viðbyggingar við núverandi skála og skálavarðahús.

Á reit S-1 er 79 m^2 gistiskáli frá 1994. Heimilt er að byggja við skálann þannig að heildarflatarmál verði allt að 130 m^2 . Viðbyggingin má vera aðskilin frá núverandi skála en tengd við hann með tengibyggingu.

Á reit S-2 er hesthús og gistoloft í 64 m^2 skála sem er frá 1963. Heimilt er að endurnýja húsið og stækka þannig að heildargrunnflatarmál verði 100 m^2 .

Á reit V-1 er núverandi skálavarðahús sem er 20 m^2 að stærð og frá árinu 1993. Heimilt er að stækka skálann þannig að hann verði 100 m^2 að flatarmáli. Fyrirhugað er að nýta hluta skálavarðahússins sem geymslu.

Á reit VC-1 er núverandi salernishús sem er frá 1996 og er 14 m^2 að stærð. Heimilt er að stækka það þannig að heildarflatarmálið verði 50 m^2 .

Á reit WC-2 er fyrir hugað að byggja nýtt salernishús sem nýtast myndi hesthúsinu og tjaldstæðinu við það. Heimilt er að grunnflatarmál salernishússins verði 50 m^2 .

Auk framangreindra húsa er ráðgert að reisa vindskýli á tjaldsvæði við hesthúsið í tengslum við salernisbygginguna, sem er að hluta yfirbyggt, en telst þó opið. Einnig er fyrirhugaða að reisa skjólgerðingar umhverfis gáma.

Vegir og bílastæði

Ekki er gert ráð fyrir að aðkoma bíla að svæðinu eða bílastæði breytist neitt að ráði við framkvæmdina. Fjallabaksleið syðri (F-210) liggur í gegnum svæðið og er akvegurinn greinilegur og bílastæðin vel afmörkuð. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að öll bílastæði við mannvirki verði vel afmörkuð til að sporna gegn utanvegaakstri og að merkingar séu samræmdar í útliti og myndi eina útlitslega heild.

Frárennsli og rotþrær

Í tilkynningu Ferðafélags Íslands kemur fram að frárennsli skuli leitt í rotþró sbr. 3.mgr,18.reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Frá þrónni skal setja siturlagnir og standa skuli að verkinu eins og lýst er í leiðbeiningarriti 2004:03 frá Umhverfisstofnun.

<http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Vatnsgaedi/Rotthraer/>

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í greinargerðum um tillögu að deiliskipulagi skálasvæðisins hvort við stækkan eldra salernishússins þurfi að grafa fyrir nýjum frárennslisrörum. Stofnunin leggur áherslu á að raski við framkvæmdirnar sé haldið í lágmarki og að jarðvegur verði lagfærður eins og hægt er ef til þess komi að grafa þurfi fyrir nýjum lögnum.

Neysluvatn

Kalt vatn er fengið úr vatnslind sem sprettur undan móbergsklöpp í gili sem er í um 430 m fjarlægð frá skálasvæðinu. Uppsprettan er efst í gili og er hæðarmismunur á uppsprettu og skálasvæði um 30 m . Vatnið er leitt úr lindinni með leiðslu í miðlunartank sem er um 60 m sunnar og þaðan að vöskum og að sturtum. Vatnslindin fellur undir vatnsvernd og er samkvæmt ákvæðum reglugerðar 796/1999 "um varnir gegn mengun vatns" og sbr reglugerð

nr 533/2001. Að öðru leyti skal staðið að öflun neysluvatns og frágangi við vatnsveitu í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar „Litlar vatnsveitur“ útgefið í júlí 2003.

Rafmagn og fjarskiptaloftnet

Eitt lítið fjarskiptaloftnet er austan við núverandi skála. Það er um 4-5 m á hæð og er lítið áberandi í landslaginu. Heimilt er að reisa allt að 10 m hátt fjarskiptaloftnet sem lið í öryggisbúnaði á fjöllum. Áætlað er að setja loftnetið utaná eða ofan á hús. Loftnetið á að hafa matta áferð og vera sem minnst sýnilegt, og nær ósýnilegt í 1 kílómetres fjarlægð

Einnig er heimilt að setja þokulúður eða skaðan ljósabúnað á loftnet eða skála sem lýsir frá sér í dimmri þoku eða á neyðarstundum. Heimilt er að koma fyrir sólarrafhlöðu á skálum með tilheyrandi búnaði. Frá öllum slíkum búnaði skal gengið frá samkvæmt gildandi reglum Póst og fjarskiptastofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Brunamálastofnunar.

Að mati Umhverfisstofnunar kann umrætt 10 m fjarskiptaloftnet að vera mjög sýnilegt, sér í lagi ef um er að ræða fjarskiptaturn. Að mati Umhverfisstofnun hefði þurft að koma fram gerð viðkomandi loftnets og frekara mats á sýnileika þess og hugsanlegum áhrifum þeirra sem um svæðið fara.

Tjaldsvæði og skýli

Á svæðinu eru tvö tjaldstæði, annað er sunnan við gistiskála og hitt er við hesthúsin. Tjaldsvæðið við gistiskálann er um 800 m^2 og er í litlum hraunbollum á sléttri flöt við hraunjaðar Hvanngilshrauns. Hlaðin rétt sem telst til formminja er inni á tjaldssvæðinu. Tjaldsvæðið við hesthúsin er um 5000 m^2 og annar vel því álagi sem er um Hvanngil.

Gróðurþekjan á tjaldsvæðunum er viðkvæm, en gróðurþekjan á tjaldsvæðinu við hesthúsin er sterkari og það tjaldsvæði er því heppilegra sem framtíðartjaldssvæði að mati Umhverfisstofnunar. Tjaldssvæðið við hesthúsin eru vel grasi gróin, en þar vantar hins vegar alla aðstöðu. Áætlað er að reisa salernishús og vindskýli.

Salernishúsið má vera allt að 50 m^2 og vindskýlið einnig allt að 50 m^2 . Windskýlið verður að hluta yfirbyggt og með einfaldri aðstöðu til að matast og matbúa en flokkast samt sem opið. Í Skýlinu verður komið fyrir vaski með köldu vatni og gólfhlöturinn verður með varanlegu yfirborði (steinlögn eða timbur) sem þolir það álag sem verða vill á svona stað.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram hvort fyrirhugað vindskýli verði samþyggt eða nálægt fyrirhugaðri salernisþyggingu. Umhverfisstofnun mælist til að vindskýlið verði staðsett sem næst salernisþyggingu til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ef styrkja þarf grassvörð svæðisins þá verði að gera það á varfærinn hátt og notast eigi við staðbundnar grastegundir. Stofnunin undirstrikar að hófs sé gætt við dreifingu áburðar á svæðinu og vill í því samhengi benda á umfjöllun Landgræðslu Íslands um lífrænan áburð og notkun hans við uppgræðslu og til landbóta.

Girðingar

Áformað er að reisa skjólveggi í kringum sorpgáma á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að útlit þeirra og litaval sé í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu og að aðgengi

að þeim sé gott.

Gróður

Varðveita skal núverandi gróðurþekju innan deiliskipulagsmarka og þess gætt að ekki sé tjaldað utan við tjaldvæði t.d. á viðkvæmum mosapembum. Gróðursetning trjáa, runna og annarra plantna er óheimil á svæðinu, en nota má staðbundnar tegundir til uppgreðslu.

Göngustígar, merkingar og upplýsingaskilti

Heimilt er að merkja göngustíga og setja upp upplýsingaskilti innan skipulagsreits. Leitast verður við að samræma útlit og gerð skilta og skulu þau þola veðurálag. Hluti upplýsinga verður á ensku og skulu þær varða öryggismál og hvernig skuli bregðast við náttúrvá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að göngustígar séu vel afmarkaðir og vel við haldið til að hlífa viðkvæmri náttúru við óþarfa álagi.

Sorp

Sorpi er reglulega safnað saman á gámasvæði sem er við fjallveg F-210 í um 400 m suðaustur af gistiskála. Þar er safnað saman sorpi frá Álfavatni og fleiri stöðum á hálandinu og flutt til byggða með reglulegu millibili. Einnig er á gámasvæðinu gámur til geymslu á gashylkjum sem þjónar líka öðrum svæðum í nágrenninu. Gámarnir standa í smá krika, en eru þó áberandi í landslaginu eins og er og þá aðallega vegna litavals á gámunum (heiðbláir). Heimilt er að reisa skjólgirðingar í kringum gámana. Förgun úrgangs á svæðinu er í samræmi við reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að frágangur skjólveggja í kringum gámana og frágangur gámannna sjálfra sé með þeim hætti að sem minnst beri á þeim og sé í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.

Mengun

Hætta getur verið á mengun vegna frárennslismála, sorps og hrossataðs ef ekki er rétt staðið að málum. Ekki eru miklar líkur á að frárennli frá salernum, vöskum og sturtum valdi mengun enda er vatn leitt í rotþró sem er gengið vel frá. Vatnsból er einnig í lítilli hættu á að mengast við venjulegar aðstæður þar sem lindin liggar um 30 m ofar í landinu en skálasvæðin og vatnsverndarsvæðið vel skilgreint.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi stöðugrar vöktunar svæðisins og að hrossatað sé fjarlægt á álagstínum og eftir þörfum.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð kemur fram að skálarnir á svæðinu séu nokkuð dreifðir og þar séu einnig sorpgámar sem eru málaðir í glaðlegum litum. Sjónræn áhrif eru því töluverð þegar komið er á svæðið. Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum utan salernishúss og vindskýlis, en aðrar framkvæmdir eru viðbyggingar/stækkanir á eldri húsum. Geymslugámur er á milli hesthúss og gistiskála og er hann niðurgrafin og sést lítið nema efsti hluti hans, og er hann málaður í glaðlegum lit. Gistiskáli, skálavarðahús og salernishús standa nokkuð þétt saman og eru málud í sama lit, en hesthúsið stendur aðeins frá og er gult með rauðu þaki. Öll húsin og væntanlegt vindskýli, utan hesthúss, eru sett niður á steyptar en lausar undirstöður og eru því færانleg og hægt að afmá ummerki ef nauðsyn ber til.

Að mati Umhverfisstofnun er nauðsynlegt að mannvirki falli sem best að landi og að þau verði málud í jarðlitum. Einnig er nauðsynlegt að byggingar hafi svipað byggingarlag til að heildarsvipmót svæðisins haldist.

Niðurstaða

Umrædd framkvæmd er fyrirhuguð á núverandi athafnasvæði Ferðafélags Íslands þar sem líkur eru á að umferð ferðamanna fari vaxandi.

Samkvæmt tilkynningu Ferðafélagsins um framkvæmdina er framkvæmdinni ætlað að bæta öryggi og þjónustu við ferðamenn og skálaverði og draga úr átroðningi á tjaldsvæðið við gistiskálann og við fornminjar. Svæðið sem um ræðir við Hvanngil er vinsælt ferðamannasvæði og áningarástaður. Til að viðhalda útvistar- og áningargildi svæðisins er nauðsynlegt að allar framkvæmdir verði miðaðar að því að draga úr áhrifum framkvæmdanna á landslag, þ.e. mannvirkni verði felld sem kostur er að landi, að rask vegna framkvæmda verði haldið í lágmarki og frágangur eftir framkvæmdir vandaður.


Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um fjarskiptaloftnet sé ófullnægjandi.. Ekki komi fram með nægilega góðum hætti gerð viðkomandi masturs og hugsanleg umhverfisáhrif tengd því. Einnig telur Umhverfisstofnun ekki koma nægilega vel í ljós í greinargerðinni væntanleg staðsetning vindskýlis á tjaldsvæðinu við hesthúsin.

Að framansögðu er það þó mat Umhverfisstofnunar að ekki séu líkur á að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Brynhildur Magnúsd.

Brynhildur Magnúsdóttir
Sérfræðingur



Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

